

Ársskýrsla Sóla skólaárið 2018-2019

1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn

1.1. Mat á skólaári 2018-2019

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Innra matið samanstendur af þeim þáttum sem skólinn notar til að meta eigin frammistöðu svo og þeim þáttum sem Hjallastefnan ehf. notar til þess að meta gæði í þjónustu skólans. Helstu þættir í innra matinu eru starfsmannakönnun sem að jafnaði er lögð fram einu sinni á skólaári fyrir starfsfólk leikskólans þar sem grennslast er fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og mat starfsfólks á eigin frammistöðu.



Kennarar fylla út gátlista um stöðu hvers barns hvað varðar þroska, félagshæfni og gengi í leikskólanum tvisvar á starfsárinu og kynna foreldrum í foreldraviðtali. Auk þess er foreldrakönnun send út 1-2 sinnum á starfsári þar sem foreldrar eru beðnir um að meta þjónustu leikskólans og fagstarf eins og það snýr að þeim og barni þeirra. Auk þessa meginþátta eru fleiri matstæki notuð til að skrá og meta starfið en nánar er fjallað um þessa þætti í skýrslu skólans um innra mat sem finna má á vef skólans www.soli.hjalli.is

Auk innra matsins stendur Hjallastefnan ehf. fyrir ytra mati á gæðum skólastarfsins en eftirlitsaðili Hjallastefnunnar heimsækir skólann einu sinni á starfsári og rýnir í starfið með börnunum, kemur með tillögur til úrbóta með það sem kann að vera ábótavant og skilar Hjallastefnunni ehf. trúnaðarskýrslu um stöðu leikskólans.

Hjallastefnuskólar taka þetta mat á skólastarfinu mjög alvarlega og ef óánægju virðist gæta í einhverjum þætti skólastarfsins er tafarlaust gengið í þær breytingar sem þarf til að bæta úr skák.

Ein foreldrakönnun var gerð á síðasta ári. Almenn ánægja er meðal foreldra með starfið í leikskólanum, með móttöku barnanna, með kennarana og stjórnunina. Einnig kemur fram almenn ánægja með þau tvö foreldraviðtöl á ári sem fram fara á laugardögum, annað í nóvember og hitt í mars.

Kennarar á Sóla eru vel undirbúnir í öllu sínu starfi, handbækur eru vel nýttar og starfið er metnaðarfullt og oft frumlegt. Hópstjórar voru 16 í upphafi skólaárs. Hópstjórar á Sóla starfa með börnum af ástríðu og áhuga. Móttaka barna einkennist af hlýju og kærleika samanber niðurstöður úr foreldrakönnun.

Hópatímar, sem eru kennarastýrðu tímar dagsins, voru vandaðir og góðir í leikskólanum, sá mannauður sem býr í reynslumiklum kennurum skilaði sér í vel undirbúnum tímum. Til að gæta þess að öllum þáttum *Aðalnámskrár* væri fylgt fylltu kennarar út gátlista einu sinni í mánuði og töldu út tímana sína.

Einu sinni í mánuði gáfu stjórnendur út fréttabréf leikskólans fyrir starfsfólk þar sem umræðunni um kynjanámskrána, loturnar, meginreglurnar og fagefni var haldið á lofti. Einnig voru starfsmannafundir haldnir einu sinni í mánuði og þeir nýttir til þess að rýna í faglega og nytsamlega hluti.

Í október var unnið ytra mat á leikskólanum á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkið var í höndum þeirra Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir og fór fram á vettvangi 1.-4. október 2018. Lesa má matskýrsluna á heimasíðu leikskólans soli.hjalli.is. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skóla-bragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat. Í kjölfar þess að leikskólanum barst skýrslan var unnin umbótaáætlun í samstarfi við skólaskrifstofu Vestmannaeyjabæjar, þá áætlun má lesa á heimsíðu skólans.

Starfsmannahópur leikskólans Sóla var og er góð blanda af gamalreyndum kennurum í bland við yngri, minna reynda kennara og þannig skapaðist jákvæð og góð orka í húsinu. Á hausti hverju er haldin Hauststefna Hjallaráðstefnunar og þetta árið var hún haldin í Reykjavík. Unnið var í vinnustofum um morguninn þar sem farið var yfir efni kynjanámskrárinnar og efnivið í vali, málin rædd við samstarfsfólk úr öðrum leikskólum. Eftir hádegi voru erindi í Austurbæ, og má þar nefna Þórdísi Jónu Sigurðardóttir sem opnaði dagskrána og þakkaði öllu því góða fólki sem býr til Hjallastefnuna á hverjum degi, Bjartur Guðmundsson var með fyrirlestur um að komast í topp tilfinningalegt ástand og Bragi Valdimar Skúlason talaði fyrir hönd foreldra.

Foreldra- og starfsmannakannanir voru sendar úr í lok nóvember og niðurstöðum úr þeim var skilað til skólans um miðjan janúar. Markmiðið var að varpa ljósi á viðhorf starfsmanna til fyrirtækisins og yfirmanna, mæla starfsáængju og viðhorf til vinnustaðar. Niðurstöður könnunarinnar komu vel út fyrir leikskólann Sóla þegar á heildina var litið. Þjálfun og handleiðsla nýs starfsfólks hefur batnað með betri verkferlum, en það var sá þáttur sem við ætluðum að bæta okkur í. Á starfsfólksfundum var farið yfir niðurstöðurnar og unnin umbótaáætlun til að laga það sem betur mátti fara.

Mikil áhersla hefur verið á að hafa skólann vel kjarnaðan og snyrtilegan og það hefur tekist. Sameignlegu rýmin s.s. salurinn, listasmiðja, bókasafn og sérkennslu herbergi eru til fyrirmyndar þegar vinna á með minni hópum.

Hjallastefnan ehf.

1.2. Starfið næstkomandi ár

Komandi skólaár er áttunda árið okkar á Sóla undir Hjallastefnunni og við lítum það björtum augum. Sífelld þróun er í starfi okkar og á næsta skólaári höfum við sett upp metnaðarfulla símenntunaráætlun sem tekur bæði á *Handbók Hjallastefnunnar*, kynjanámskránni sem og á íslensku- og stæðfræðikennslu í skólanum. Ennfremur höfum við sett sjálfstyrkingu inn í símenntunaráætlun okkar. Við höldum áfram að vinna eftir þeim góðu kennsluaðferðum sem við höfum lært og tileinkað okkur á síðustu árum með góðum árangri. Þar má nefna Leikur að læra og stefnum við á að fá Kristínu Einarsdóttur í heimsókn til okkar. Hún er einmitt höfundur þeirrar kennsluaðferðar, sem byggist á því að kenna í gegnum hreyfingu og skipulagða hreyfileiki. Við munum halda áfram að tileinka okkur efnið Lubbi finnur málbein, sem er hljóðaaðferð sem aðstoðar börn að læra að lesa seinna meir. Hvert máhljóð á sitt eigið tákni og eigið lag, börnin fá nýtt hljóð í hverri viku til að tileinka sér.



Í upphafi skólaárs munum við fá Bjart Guðmundsson leikara, árangursþjálfara og eigandi fyrirtækisins Optimized Performance í heimsókn til okkar á Sóla. Hann býður upp á óvenjulega árangursþjálfun fyrir alla sem vilja öðlast hámarksaðgengi að getu sinni og hæfileikum á hvaða sviði sem er. Bjartur byggir námskeiðin ekki síst út frá eign reynslu og í heimsókninni til okkar mun hann fara yfir trúna á okkur sjálf, aflið sem flytur fjöll og hvernig við getum notað þetta afl til að ná markmiðum okkar.

Hjallaráðstefnan verður haldin 4. október en í ár verður Hjallastefnan 30 ára. Fyrir hádegi verða málstofur í boði fyrir fólk, allir velja þrjár. Þær málstofur sem verða eru: *líkamsvirðing, hinsegin börn í skólakerfinu, samskipti við börn, bleika sliktan í eigin lífi, árin sem engin man, tónlist í kennslu, kjörnun í eigin lífi, orðræðan út frá jafnrétti og verkfærakistan, valfundur í okkar eigin lífi og fjölmennig*. Eftir hádegi verður farið í Austurbæ þar sem haldið verður upp á 30 ára afmæli Hjallastefnunnar.

Vestmannaeyjabær mun bjóða upp á flotta fyrirlestra sem við munum geta nýtt okkur, sem dæmi; *Hvernig styður starfsþróun og samstarf við lærdómssamfélag og menntun allra, Kulnun, einelti og samskipti á vinnustað, Forvörn gegn einelti í leikskólum og skyndihjálp*.

Um miðjan október munu allar starfskonur á Sóla fara í gegnum þjálfunaráætlun Hjallastefnunnar. Markmiðið með þjálfunaráætluninni er að tryggja að allt starfsfólk lesi reglulega handbók Hjallastefnunnar. Þannig hafa allir góða innsýn í starfsþætti stefnunnar og vita vel til hvers er ætlast í starfi. Vinna með börnum og foreldrum þeirra er krefjandi verkefni sem aðeins hentar þeim sem hafa brennandi áhuga á að skapa leikheim með lausnum þar sem verkefni sem þjálfara færni í daglegu lífi eru í fyrirrúmi. Þessa

Þjálfunaráætlun mun nýtt starfsfólk fara í gegnum þegar það hefur störf hjá okkur. Áætlunin er 9 vikur, er kennd í gegnum Google Classroom og endar hver vika með sjálfsmati.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í *Skólanámskrá Sóla*.

Sóli er umhverfisvænn skóli og við höldum áfram að auka menntun og þekkingu, efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs. Leikskólinn Sóli vill stuðla að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu allra auðlinda og vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum.

1.3. Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs



Leikskólinn Sóli við Ásaveg 11 var formlega tekinn í notkun 1. mars 2007 og varð því 12 ára á þessu ári.

Byrjað var að skipta um dúk innhúss sumarið 2018 og í vetur var haldið áfram, þannig nú eru 3 kjarnar komnir með nýjan dúk og stefnt er á halda áfram haustið 2019 en vegna annríkis dúkagningamanna var ekki hægt að fara í þetta verkefni í sumarlokuninni. Þetta mun raska starfseminni lítilsháttar en þeir kjarnar sem skipt verður næsta haust munu flytja sig í salinn á meðan á verkinu stendur. Vonir standa til að hægt verði að dúkaleggja ganginn í jólafríinu.

Vonir standa til þess að hægt verði að fá málara til okkar á næsta skólaári því veggir í húsi eru farnir að láta á sjá.

Kominn var tími á viðhald á útisvæðið og var farið í það sl. sumar í fyrsta sinn frá því að leikskólinn opnaði. Borið var á girðingar og leiktæki máluð, enda var allt annað að sjá útisvæðið þegar allir mættu eftir sumarfrí. Gleðin stóð þó stutt yfir því galli var í málningunni og hún þornaði illa og ekki, því þarf væntanlega að fara eitthvað yfir svæðið aftur næsta sumar.

2. Fagstarf

2.1. Námskrármarkmið

Hjallastefnan starfar eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir *Aðalnámskrá leikskóla* og uppfylla markmið hennar, þó að stundum séu farnar óhefðbundnar leiðir að þeim markmiðum. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir *Handbók Hjallastefnunnar*



Hjallastefnan ehf.

þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli.

Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið *Aðalnámskrár* eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum.

Nánari útfærslu á námskrármarkmiðum *Aðalnámskrár leikskóla* og markmiðum *Handbókar Hjallastefnunnar* ásamt útlistun á leiðum leikskólans að þeim markmiðum má sjá í *Skólanámskrá leikskólans Sóla* á vef skólans á <http://soli.hjalli.is/>. Einnig er þar að finna kynjanámskrá og meginreglur Hjallastefnunar.

2.2. Leikskólastarfið



Leikskólastarfið síðastliðið starfsár einkenndist af kátínu og gleði eins og svo oft áður.

Eins og alltaf þá var kennt eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Í september tókum við Agalotu, í október Sjálfstæðislotu og í nóvember Samskiptalotu. Hver lota er í fjórar vikur og á milli þeirra er viku hlé. Eftir áramót tókum við seinni þrjár loturnar en í janúar var Jákvæðnilota, í febrúar Vináttulota og í mars-apríl tókum við Áræðnilotu.

Söngfundur er fastur liður á hverjum föstudegi. Þá koma vinakjarnar saman í salnum, leiðast hönd í hönd, setjast niður og njóta stundarinnar sem Marta Jónsdóttir stjórnar svo listavel. Fyrirfram er búið að ákveða hvaða söngvar eru sungnir svo allir séu búnir að æfa sig og geti tekið þátt. Stundum koma óvænt atriði frá einhverjum kjarna og stundum eigum við afmælisbörn sem sungið er fyrir. Við höfum gert það að vana okkar að bjóða foreldrum á söngfund og var hann haldinn á haustönn.

Haustið byrjaði vel hjá okkur, 92 börn hófu leikskólavist í ágúst og fljótlega var allt komið í röð, reglu og rútnu hjá okkur. Margrét Pála Ólafsdóttir, stjórnarformaður Hjallastefnunnar og Þórdís Jóna Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri komu í heimsókn til okkar í september og hittu á starfsfólk, börn og foreldra.

Á hausti hverju er haldin Hauststefna Hjallastefnunnar en um hana má lesa betur í kaflanum um símenntun og starfsþróun.

Kristín Einarasdóttir kom til okkar í október og var með kennurum í hópatíma og fór yfir kennsluáðferð sína Leikur að læra.

Í október komu leikarar úr Leikfélag Vestmannaeyja í heimsókn til okkar en leikfélagið var þá að setja um leikritið Latibær, tekin voru nokkur lög. Í febrúar kom leikhópurinn Lotta í heimsókn í boði foreldrafélagsins. Tóku þau góðan bít úr leikritinu sínu Rauðhetta. Mikil gleði var með þessa heimsókn og gerði það að verkum að öll börn í leikskólanum fengu að sjá leikritið en seinna um daginn var sýningin í heild sinni í bæjarleikhúsinu.

Desembermánuður var skemmtilegur eins og alltaf, en við á Sóla leitumst eftir því að halda röð, reglu og rútnu þrátt fyrir að jólamánuðurinn gangi í garð. Við einbeitum okkur að því að takmarka stress og skapa ró. Foreldrafélagið stóð fyrir jólaföndri sem er árlegur viðburður í boði félagsins. Á Sóla er alltaf haldinn jólasöngfundur þar sem gengið er í kringum jólatré og í lokin mæta þær Jóhanna Inga og Elín Þóra með eitthvað gott úr eldhúsinu handa þeim. Við erum heppin með foreldra á Sóla sem leggja okkur oft lið og á jólasöngfundinum mætti Leó Snær með gítarinn og söng með okkur.



Síðastliðin ár höfum við fengið til okkar gestakennara til að kenna sem dæmi ensku og jóga en þetta árið fengum við til okkar Unni Líf sem kenndi börnunum stærðfræði og listir. Það voru mjög fróðlegir og skemmtilegir tímar sem kenndi börnunum mikið sem og kennurunum.

Árlega fara elstu börnin okkar í heimsókn á Víkina, þetta voru tveir dagar sem börnin okkar gengu upp á Vík með kennurum sínum og eyddu hálfum degi þar til að kynna starfinu og starfsfólki.

Leikskólar bæjarins skiptast á að halda Sumarhátíð Leikskólanna og í ár var komið að Víkinni. Starfsfólk og börn leikskólanna hittust við Barnaskólann en þaðan var haldið í skrudgöngu með lögreglu og trommara sem leiddu gönguna. Farið var upp á Týsvöll þar sem boðið var upp á heilmikið party.

Útskriftarferðin var í lok júní, en þetta er skemmtiferð með elstu börnin þar sem við eyðum deginum fjarri leikskólanum, við lékum okkur úti í náttúrunni, kveiktum eld, grilluðum og nutum þess að gera eitthvað skemmtilegt. Í lok dags buðum við fjölskyldum barnanna í útskrift þar sem boðið var upp á hressingu, börnin sungu, dönsuðu og fengu afhenta gjöf frá foreldrafélaginu sem og ferilmöppu sína sem við höfum safnað í frá því að þau byrjuðu á Sóla. Í kjölfar útskriftarinnar stóð foreldrafélagið fyrir sinni árlegu sumarhátíð, þar sem boðið var uppá pizzasnúða og kanilsnúða, hoppukastala, tónlistaratriði, lögreglubíl og margt fleira.

Hjallastefnan ehf.

Í byrjun júlí mánaðar tókum við þátt í Gosloka hátíðinni en 3. júlí 1973 var eldgosinu á Heimaey formlega lýst lokið. Árlega fagna Vestmanneyingar því og þakka fyrir að Heimaey var aftur byggð því hvergi finnst okkur betra að vera og búa en einmitt hér. Sú kynslóð fólks sem man eldgosíð eldist og því er mikilvægt að þær minningar, sögur og sagnir sem fylgja þessum viðburði í sögu okkar glattist ekki. Í leikskólanum tókum við þátt í þeim viðburðum sem tengja okkur við eldgosíð á Heimaey.



Sumarlokun leikskólans skólaárið 2018-2019 var 15. júlí - 15. ágúst. Sumarlokun 2019-2020 verður með breyttu sniði, gerð var könnun meðal foreldra og af þeim sem kusu valdi meiri hlutinn að það yrði lokað fyrstu 3 vikurnar í júlí og að foreldrar myndu sjálf velja 2 vikur í viðbót öðru hvoru megin við lokunina. Því gerum við ráð fyrir því að leikskólinn verði aðeins lokaður í 3 vikur næsta sumar.

2.2.1. Aðlögun nýrra barna

Aðlögun hófst strax í fyrstu heilu vikunni eftir sumarlokun. Formlega aðlögun nýrra barna tekur oftast um 5 daga, fyrsta daginn koma börnin í klukkustunda heimsókn, annan daginn eru þau tvo tíma og foreldrar reyna að skjótast aðeins í burtu, þriðja daginn koma börn í morgunmat og eru til 11, fjórða daginn eru börnin í morgunmat og fram yfir hádegismat og fimmta daginn eru þau morgunmat og fram yfir hvíld.

2.2.2. Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans síðastliðið starfsár einkenndist af röð, reglu, rúttínu og endurtekningu á hópátímum og valtímum.

7:30 Leikskólinn opnar - val

8:30 Morgunmatur

9:00 Valfundur, börnin velja leir, föndur, kubba, sull, leikstofu eða útivist

10:30 Hópatími, kennarastýrður tími og blöndun, stúlkur og drengir hittast í fyrirfram ákveðnum vinahópum

11:30 Hádegismatur, hóparnir borða hádegismat með sínum kennara, síðan fara yngstu börnin í hvíld og eldri halda hópatíma sínum áfram með kennaranum.

13:15 Valfundur

14:30 Nónhressig, róleg stund á kjarna og aftur valfundur.

Flest börn ljúka deginum um klukkan 16:00 en leikskólinn er opinn til kl. 16:30.

2.2.3. Skólaföt



og blára flísbuxur. Hannaðar hafa verið ullarpeysur fyrir starfsfólk, bæði opnar og lokaðar og samskonar lokaðar fyrir börn.

Foreldrum er tilkynnt um fyrirkomulagið strax í upphafi þegar þeir velja leikskóla. Fatnaðurinn er seldur í netverslun á <http://vefverslun.hjalli.is/> og geta foreldrar valið að dreifa kostnaði við kaupin á allt að sex mánuði.

2.2.4. Ferðir og uppákomur



Vettvangsferðir eru fastur liður í skólastarfi leikskólans Sóla. Oftast fara hópstjórar einir og sér með hópana sína í ferðir en stundum sameinast vinahópar eða tveir og tveir stúlkna- og drengjahópar. Hér eru okkur engar takmarkanir settar en margir hópar velja gönguferðir upp á hraun, kveikja eld og grilla sér eitthvað til að borða, söfnin í Vestmannaeyjum og hafnarsvæðið hefur einnig verið vinsælt hjá okkur, bærinn, fjaran og Skansinn. Einnig er hoppudýnan á Stakkó mjög vinsæl.

Vettvangsferðir eru mikil upplifun fyrir börn, að fá að skoða og rannsaka heim hinna fullorðnu er alltaf spennandi. Raunveruleikatengd verkefni í daglegu starfi eru mikilvæg sem og tenging við atvinnulífið eins og heimsókn á verkstæði eða í frystihús.

2.2.5. Gestir

Á skólaárinu fengum við nokkrar skemmtilegar heimsóknir í leikskólann.

Við byrjuðum skólaárið með góðri heimsókn frá Margréti Pálu stjórnarformanni og upphafskonu Hjallastefnunar og Þórdísi Jónu framkvæmdastjóra. Þær fylgdust með starfinu og um kvöldið héldu þær fjölmennan foreldrafund þar sem rætt var um starfið og barnauppleði.

Matsaðilar á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, þær Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir, voru á Sóla dagana 1.-4. október 2018 til að gera ytra mat á starfsemi leikskólans.



Ragnheiður Agnarsdóttir ráðgjafi var á Sóla í nóvember en hún hefur verið okkur innan handa með útfærslu á vinnutímastyttingu.

Við fengum marga kennara í heimsókn til okkar síðasta skólaár. Í upphafi skólaárs komu til okkar tyrkneskir kennarar sem voru mjög áhugasamir um stefnuna okkar og og þá sérstaklega kynjaskiptinguna. Vinir og vinkonur af leikskólanum Hjalla kom til okkar um vorið til að skoða skólann og skipulagið. Einnig kom leikskólinn Baugur og tveir skólastjórar frá skóla í Þýskalandi.

Það er alltaf vinsælt að fá að koma í starfskynningu til okkar og síðasta ár fengum við nemendur úr 9. bekk sem voru hjá okkur heilan dag. Grunnskólinn byrjaði síðasta haust að bjóða upp á starfsnám fyrir 10. bekk, þar sem krakkar fengu að velja sér starfsvettvang og mæta einu sinni í viku í 3 mánuði. Við fengum að njóta krafta tveggja sem fengu að vera með okkur og kynnast starfinu. Við fengum einnig ungan mann til okkar í starfsþjálfun og mætti hann 2 morgna í viku frá áramótum.

Í mars komu til okkar 4 leikskólakennaranemar sem fengu hver sinn leiðbeinanda inn á sitthvorum kjarnanum og voru þær hjá okkur í 3 vikur samfleytt.

3. Starfsmannahald

3.1. Móttaka nýrra starfsmanna

Móttaka nýrra starfsmanna er í höndum skólastjóra. Allir starfsmenn fá í hendur *Handbók Hjallastefnunnar* og skólastjóri fer í gegnum helstu atriðið hennar með nýju fólki. Þar ber helst að nefna meginreglur Hjallastefnunnar og kynjanámskrána. Einnig fá nýir starfskraftar nýliðaáætlun sem og *Starfsmannahandbók leikskólans Sóla*. Nýir starfsmenn

Hjallastefnan ehf.

skrifa undir ráðningarsaming og um leið þagnarskyldu. Ennfremur þarf nýtt fólk að skila inn sakavottorði eða samþykkingu að sakavottorð séu skoðuð. Allir nýir starfsmenn fá 2-3 vinnuboli. Einnig fær nýtt starfsfólk *Handbók Sóla* en þar er farið yfir þætti eins og mætingu, samveru starfsfólks, skápa, bílastæði og fleira slíkt.

Þegar starfsmaður kemur í vinnu tekur samstarfsfólk á kjarna hann undir sinn verndarvæng. Margt er að innbyrða á nýjum stað og mikilvægt að tileinka sér stefnuna, tungutakið og hefðir skólans.

Núna í ár fer af stað ný þjálfunaráætlun Hjallastefnunar, það mun einn kennari fara fyrir hönd hvers kjarna á þjálfaranámskeið og svo fer skólinn okkar saman í gegnum þjálfunaráætlunina í vetur. Þá mun hver kjarni hafa sinn þjálfara og geta leitað til hans með spurningar einnig mun þjálfarinn halda utan um alla nýliða sem munu byrja.

3.2. Símenntun og starfsþróun

Útbúin er símenntunaráætlun fyrir leikskólann Sóla á hverju hausti. Starfsfólk tekur þátt í gerð símenntunaráætlunarinnar og getur komið á framfæri óskum um námskeið eða aðra menntun sem nýtist í starfi.

Á síðastliðnu starfsári voru starfsfólksfundir um það bil einu sinni í mánuði.

Hauststefna Hjallastefnunnar var haldin 5.október 2018 í Reykjavík. Unnið var í vinnustofum um morguninn þar sem farið var yfir efni kynjanámskrárinnar og efnivið í vali, einnig var tíminn nýttur til að ræða málín við samstarfsfólk úr öðrum leikskólum. Eftir hádegi voru erindi í Austurbæ, og má þar nefna Þórdísi Jónu Sigurðardóttir sem opnaði dagskrána og þakkaði öllu því góða fólk sem býr til Hjallastefnuna á hverjum degi, Bjartur Guðmundsson var með fyrirlestur um að komast í topp tilfinningalegt ástand og Bragi Valdimar Skúlason talaði fyrir hönd foreldra. Þetta er árlegur viðburður og mikilvægur hluti af því að þjappa kennarahópnum saman.

Í apríl voru starfsdagar nýttir í námsferð til Amsterdam þar sem hópeflið var eflt og farið var á námskeið sem þjálfaði starfskonur í að nýta sér jóga og núvitund í starfi með börnum. Ekki nóg með það heldur var þetta einnig endurnýjandi og nærandi fyrir allar.

Handbók Hjallastefnunnar er ávallt til umfjöllunar og lesturs og mun svo vera áfram. Þar sem kynjanámskráin og meginreglurnar eru helst til umfjöllunar. Farið er yfir þetta á reglulegum fundum.

3.3. Faglegur stuðningur og samstarf

Við sækjum okkar faglegan stuðning til Hjallastefnunnar. Fyrst og fremst leitum við til Margrétar Pálu Ólafsdóttur en skólastýrur Hjallastefnunnar vinna þó mjög náið saman og styðja hverja aðra. Ennfremur er mjög gott samstarf á milli kennara í skólunum þar sem þeir deila og miðla hver til annarra. Hjallastefnan hefur nýtt sér Workplace í þrjú ár en

Workplace er í eigu Facebook og er viðmótið nákvæmlega það sama. Aðeins þeir sem eru með hjalli.is netfang geta komist inn á þetta svæði. Fjölmarginir hópar eru nú þegar á þessu svæði þar sem fólk deilir kennsluhugmyndum og fleiru. Allar myndir og skjöl sem eru inni á þessu svæði eru í eigu Hjallastefnunnar en ekki Facebook. Aðgangur starfsfólks að efni Hjallastefnunnar er einnig gott í gegnum skollinn.is, sem er skýjalausn á vegum Google. Nýjasta í faglegum stuðningi við starfsfólk er 9 vikna þjálfunaráætlun sem kennd er í gegnum Google Classroom, en þar er Handbók Hjallastefnunnar brotin niður í smærri einingar til að lesa. Áætluninni fylgja einnig góð myndbönd um daglega þætti í starfinu, sem dæmi matartíma, hvernig röðin virkar í daglegu lífi, hlutverk útikennara og framvegis.

4.Samstarf

4.1. Samstarf og tengsl utan leikskólans

4.1.1.Tengsl við ráðgjafarþjónustu

Samkvæmt samningi Hjallastefnunnar og Vestmannaeyjabæjar þá hefur leikskólinn Sóli aðgang að sérfræðiþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Gott samstarf hefur verið þar á milli. Síðasta vetur var Guðrún Benonýsdóttir ráðin sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar og sinnir hún öllum leikskólabörnum í Eyjum eða hátt í 400 börn. Hún kemur til okkar 2 morgna í viku og vinnur að stuðningi og ráðgjöf við foreldra, kennara og starfsfólk leikskóla vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning eða sérfræðiaðstoð. Sigurlaug Vilbergsdóttir er ráðgjafarþroskaþjálfari Vestmannaeyjabæjar og hefur aðallega verið til ráðgjafar fyrir starfsfólk og foreldra í málum þeirra barna sem þurfa á þroskaþjálfun að halda. Tinna Tómasdóttir talmeinafræðingur hefur séð um greiningu og ráðgjöf varðandi börn með málþroskaraskanir og Ragnheiður Sæmundsdóttir sálfræðingur hefur séð um að gera þroskamát á börnum.

4.1.2.Tengsl við aðra leikskóla

Tveir leikskólar eru í Vestmannaeyjum, Kirkjugerði og Sóli. Í þessum skólum eru nemendur á aldrinum 12 mánaða til 5 ára, öll 5 ára börn eru á Víkinni sem er leikskóladeild innan Grunnskólans. Einn viðburður er fastur í dagatali leikskólanna en það er sumargleði sem haldin er í júní eða júlí ár hvert. Að þessu sinni kom það í hlut Víkurinnar að halda gleðina. Sólahópurinn hélt af stað í skrudgöngu að morgni 5. júní og mætti Kirkjugerði og Víkinni við



Barnaskólann. Gengu svo nemendur og kennarar saman í skruðgöngu upp á Týsvöll. Marta Jónsdóttir tók lagið með krökkunum og eftir það var frjáls leikur. Leikskólastjórar eru í reglulegu sambandi og hittast einu sinni í mánuði á fundi með Drífu Gunnarsdóttur fræðslufulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Fyrirhugað er að skólastýrur leikskólanna í Vestmannaeyjum fari í vinnu um skipulag á flutningi 5 ára barnanna á Víkina og gerð móttökuáætlunar fyrir nýbúa. Góð samskipti og virðing er á milli leikskólanna í Vestmannaeyjum.

4.2. Samstarf heimilis og skóla



Leikskólinn Sóli setur samstarf við heimili leikskólabarnanna í öndvegi enda eru góð samskipti við fjölskyldur þeirra, forsenda þess að börnum gangi vel og líði vel í leikskólanum. Samstarfið einkennist af gagnkvæmri virðingu þar sem foreldrar og starfsfólk vinna sameiginlega að því að skólasamfélagið sé eins og best verði á kosið fyrir börn svo þau megi þroskast og dafna í jákvæðu umhverfi. Skólinn stendur foreldrum alltaf opin og er þeim alltaf velkomið að kíkja inn og fylgjast með starfinu. Á öðrum stundum

þjóða börn og kennarar foreldrum í kaffi eins og á bóndadaginn og konudaginn, á söngfundum eða annað sem okkur dettur í hug. Foreldraviðtöl fara fram á laugardegi, annað í nóvember, hitt í mars og oftast ef þurfa þykir.

4.2.1. Daglegt samstarf

Hjallastefnuleikskólar leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla og eru fjölmargir þættir leikskólastarfsins sniðnir til þess að hvetja og styðja við þetta samstarf. Þjónustumiðun skólans er hugsuð til þess að auðvelda barnafjölskyldum lífið en til dæmis býðst foreldrum að kaupa aukavistunartíma með stuttum fyrirvara ef illa stendur á eða eitthvað óvænt kemur upp og þannig verður gæsla og velferð barnsins samvinnuverkefni heimilisins og leikskólans sem tekur aukna ábyrgð á að aðstoða fjölskylduna. Öllum foreldrum í Hjallastefnuleikskólum stendur til boða að koma í heimsókn í leikskólann án fyrirvara og dvelja sem gestir og fylgjast með barninu í leik og starfi. Skipulag starfsins í Hjallastefnuleikskólum er með þeim hætti að starfsmaður tekur ávalt á móti barni í forstofu eða við dyr inn á kjarna fyrsta opnunartíma leikskólans til þess að fá fréttir af líðan og gengi barnsins heima, svara spurningum foreldra og koma skilaboðum frá heimilinu áleiðis til þess starfsmanns sem annast barnið yfir daginn. Auk þessa daglega samstarfs er skipulagt samstarf heimilis og skóla í formi funda, viðtala og ýmissa atburða yfir skólaárið, eins og bóndadagskaffi og konudagskaffi.

4.2.2. Upplýsingastreymi

Sóli tilheyrir vefumsjónarkerfi sem heitir Karellen, en því fylgir bæði starfsfólks- og foreldrasvæði sem og er heimasíða leikskólans unnin í gegnum kerfið. Einfalt er að setja fréttir og efni inn á síðuna sem hefur gott viðmót. Reglulegu eru settar fréttir af starfi hvers kjarna inn á kjarnasíður og fréttir af heildarstarfi skólans á forsíðu skólans. Starfsfólk notar Karellen kerfið til að skrá svefn, matarvenjur og viðveru barna, kerfið er bæði vefsíða og smáforrit. Auk þess geta foreldrar og kennarar skipst á skilaboðum og myndir af börnum í leik og starfi eru settir inn í gegnum þetta kerfi. Við lítum þó enn svo á að fyrst og fremst felist upplýsingamiðlun til foreldra í myndasafni skólans en leikskólinn setur mörg hundruð myndir á mánuði á vefinn. Myndasafnið er nokkurs konar gluggi fjölskyldunnar inn í leikskólastarfið en þar má sjá myndir af börnunum í leik á val tíma, af hópastarfi og öðru starfi kennara með börnunum. Foreldrar geta svo hlaðið myndunum niður í tölvuna sína hvenær sem er á námstíma barnanna.

Foreldrafélagið heldur úti facebook síðu fyrir leikskólann og höfum við nýtt okkur hana til að koma með tilkynningar og áminningar á viðburði og fleira.

4.2.3. Fundir og viðtöl

Við höldum foreldrafund í upphafi skólaárs og var Margrét Pála Ólafsdóttir gestur á þeim fundi sem var vel sóttur af foreldrum. Foreldrar voru svo boðaðir tvisvar yfir skólaárið í samtali við hópstjóra, annað í nóvember hitt í mars. Í maí fóru börn fædd 2014 með kennurum sínum í heimsókn á Víkina, en þangað fara öll 5 ára börnin okkar.

4.2.4. Þátttaka foreldra

Foreldrar tóku þátt í leikskólastarfinu með margvíslegum hætti síðasta starfsár. Foreldrafélagið sér ávalt um fasta liði eins og jólafundur, sumarhátíð og þau taka þátt í útskrift elstu barnanna.

Foreldraframlag er hugtak sem við notum en við höfum hins vegar ekki nýtt okkur það mikið. Þó höfum við fengið smíði í vinnu, gítarleikara, fyrirlesara, fisk frá sjóurum til að skoða og svo hafa foreldrar komið okkur til aðstoðar ef við höfum þurftum að komast í Herjólf og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir einstakt viðhorf til okkar.

5. Ytri umbúnaður leikskólastarfsins

Leikskólinn er sem fyrr segir til húsa að Ásavegi 11 í Vestmannaeyjum. Þetta húsnæði var formlega tekið til notkunar 1. mars 2007. Í leikskólanum eru fimm kjarnar og stærð húsnæðis er 859,2 m². Þar af er leikrými heimastofa 238,5 m² og sameiginlegt leikrými er 101,10 m². Lóðin er 5.500 m².

Um hönnun húsnæðis sá Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar en hönnun á lóðinni var í höndum landslagsarkitekta hjá Landslag ehf.

Húsnæði leikskólans er bjart og skemmtilegt, með mörgum góðum rýmum til kennslu. Vinna stendur yfir við að endurnýja gólfdukk í skólanum og þegar hefur verið settir nýjrir dúkar á þrjá kjarna og hluta af gangi.

Hjallastefnan ehf.

Lóðin er einstaklega skemmtileg með brekkum, lágum runnum og stórum sandkössum. Á miðsvæði leikskólalóðarinnar er búið að setja gúmmíottur. Foreldrafélagið gaf leikskólanum tvö mörk og búið er að setja eitt þeirra upp. Síðasta sumar voru leiktæki máluð og borið á allan við. Mikill ágangur er á lóðina, bæði af leikskólabörnum en einnig eftir lokun þegar eldri börn koma að leika. Við þurfum því sífellt að viðhalda lóðinni og það höfum við gert í góðri samvinnu við Þjónustumiðstöð Vestmannaeyjabæjar. Reglulega þarf að fara yfir girðingu í kringum lóðina, því jarðvegur sígur og bil myndast á milli girðingar og jarðvegs. Búið er gera setja grjót í bilið til bráðabirgða svo börnin komist ekki undir girðingu. Áfram þarf að kanna hvort hægt sé að lækka girðinguna til að minnka þetta bil til frambúðar.

6.Tölulegar upplýsingar

6.1.Nemendur

Við upphaf skólaársins 2018 voru 92 á Sóla. Þar af voru 47 drengir og 45 stúlkur. Þjónustusamningurinn hljóðaði upp á 1025 dvalargildi á mánuði í 11 mánuði á ári, við upphaf skólaárs 2018-2019 voru dvalargildin 993 en um áramótin bættust 3 börn við. Fjöldi barna með heilsdagsvistun, eða 8-9 stundir, var 67 börn sem er 73% nemenda okkar. Börn með 7-7.75 tíma vistun voru 17 eða 18% nemenda og 8 börn voru í 6-7 stunda vistun eða tæplega 9% nemenda leikskólans Sóla. Um haustið voru 29 börn í árgangi 2014, 27 börn í árgangi 2015, 26 börn í árgangi 2016 og 10 börn í árgangi 2017.

Guðrún Benónýsdóttir er sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar og hefur hún í vetur haldið utan um sérkennslumálin á Sóla, ráðlagt kennurum, setið teymisfundi og sett upp áætlanir, sem og séð um þjálfun barna sem þurft hafa aukalega þjálfun á sviði félagsfærni, málþroska, framburðar og málörvunar. Tveir drengir voru með stuðning hluta úr degi, til að aðstoða þá með daglegar athafnir og þjálfun í samstarfi við Guðrúnu. Eftir áramót fengum við úthlutað tímabundinni 30% stöðu til sérkennslu fyrir skólann, sú staða er hugsuð til snemmtæktrar íhlutunar.

Við vorum með 4 tvítyngd börn, eitt með ensku, eitt með arabísku og tvo með dönsku sem annað tungumál. Tveir drengir voru með rúmensku sem móðurmál og einn drengur með pólsku sem móðurmál.

6.2. Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans Sóla skólaárið 2018-2019 voru 28 í 24 stöðugildum. Hjallastefnan stendur fyrir öflugum samstarfi allra Hjallastefnuskóla um starfsþróun og símenntun starfsfólks en að auki gefst starfsfólki kostur á að sækja sér menntun og starfsþekkingu úr öðrum áttum og hvetur leikskólinn Sóli starfsfólk sitt eindregið til þess.



Hjallastefnan ehf.

Mikil festa er í starfsmannahaldi Sóla. Stór hluti starfsfólks er vanur leikskólastarfi og fagmenntun er um 60%. Mikils sjálfsöryggis gætir hjá starfsfólki gagnvart störfunum og hlutverk hvers og eins eru skýr.

Árleg starfsmannasamtöl fóru fram í ársbyrjun. Mánaðarlega gáfu skólastjórnendur út fréttabréf leikskólans Sóla. Í fréttabréfinu komu fram ýmis praktísk atriði, fjarverur starfsfólks, fagáherslur tímabilsins og annað skemmtilegt. Starfsfólksfundir voru haldnir mánaðarlega og hver kjarni hélt kjarnafund á hvorri önn. Ágæt festa var í starfsfólkshaldi á Sóla, daglegt starf var áreynslulítið og gekk yfirleitt smurt fyrir sig samkvæmt dagskipulagi. Þó voru fimm starfskonur í fjarnámi, 4 voru í leikskólakennaranámi og ein var í uppeldis- og menntunarfræði. Þetta hafði töluverð áhrif þær vikur sem þær þurftu að mæta í staðlotur sem og þær 3 vikur sem tvær þeirra voru fjarverandi vegna verknáms sem þær fengu ekki að taka hjá okkur. Við erum þó svo ríkar af starfsfólki að allt saman gekk þetta upp og starfsfólk gekk öruggt til sinna verka og andrúmsloft var rólegt og afslappað.

Vestmannaeyjum, október 2019

Helga Björk Ólafsdóttir
skólastjóri